

Reglur um framgang akademísks starfsfólks við Háskóla Íslands

1. gr. Markmið.

Reglur þessar gilda um framgang akademísks starfsfólks við Háskóla Íslands, sbr. III. kafla reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Markmið framgangskerfisins er að hvetja akademískt starfsfólk til virkni og árangurs í starfi sínu við Háskóla Íslands. Mat á framgangi byggir á heildstæðu faglegu mati á frammistöðu og árangri í rannsóknum, kennslu, stjórnun og þjónustu í þágu Háskóla Íslands og samfélagsins. Við matið ber einnig að líta til þess að Háskóli Íslands er í senn alþjóðlegur rannsóknarháskóli og þjóðskóli, sem gerir ríkar kröfur til árangurs í starfi.

Í reglum þessum er kveðið á um skilyrði þess að umsóknir um framgang verði teknar til meðferðar og lágmarksskilyrði þess að hljóta framgang í akademísku starfi. Deildir geta, með samþykki fræðasviðs, skilgreint frekari skilyrði en fram koma í reglum þessum sem leggja ber til grundvallar við mat á umsóknum um framgang. Fræðasvið geta einnig ákveðið að slíkar reglur skuli gilda um allar deildir fræðasviðsins. Viðkomandi fræðasvið skal leggja reglur fræðasviðs og deilda fyrir háskólaráð til staðfestingar.

2. gr. Framgangur akademísks starfsfólks.

Rektor Háskóla Íslands veitir framgang samkvæmt reglum þessum.

Lektor, dósent, sérfræðingur eða fræðimaður getur óskað eftir framgangi í starfi. Rektor getur, án auglýsingar, flutt lektor í dósentstarf, dósent í prófessorsstarf, sérfræðing í starf fræðimanns og fræðimann í starf vísindamanns enda liggi fyrir hæfnisdómur dómnefndar fræðasviðs og álit framgangs- og fastráðningarnefndar Háskóla Íslands samkvæmt ákvæðum reglna þessara.

3. gr. Flýtiframgangur.

Rektor er heimilt að veita framgang við nýráðningu ef viðkomandi starfsmaður uppfyllir þau skilyrði sem tilgreind eru í 7. og 8. gr. reglna þessara, enda liggi fyrir dómnefndarálit sem staðfesti það og tillaga framgangsnefndar í samræmi við ákvæði reglna þessara og sérstakra verklagsreglna sem háskólaráð staðfestir.

Flýtiframgang skal þó einungis veita í sambærilegt starfsheiti og viðkomandi starfsmaður hefur áður gegnt eða næsta starfsheiti fyrir ofan, með þeim takmörkunum sem settar eru um lágmarkstíma í hverju starfsheiti samkvæmt 7. gr. þessara reglna. Um málsmeðferð vegna flýtiframgangs fer að öðru leyti eftir verklagsreglum sem um það gilda hverju sinni.

4. gr. Umsóknarfrestur og umsóknir.

Sækja skal um framgang til skrifstofu vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands til og með 1. nóvember ár hvert, en um flýtiframgang er sótt strax í kjölfar nýráðningar (sjá 3.gr).

Framgangur samkvæmt reglum þessum tekur gildi við upphaf næsta háskólaárs, þ.e. 1. júlí, en flýtiframgangur frá sama tíma og nýráðning hefst.

Forsenda þess að umsókn um framgang sé tekin til meðferðar er að með umsókn fylgi staðfesting mannauðsstjóra á því að viðkomandi starfsmaður uppfylli lágmarkskröfur um árafjölda í starfi og stigafjölda sem umsækjandi hefur áunnið sér með árlegu framtali starfa samkvæmt Matskerfi opinberra háskóla, sbr. töflu 1, gr.7. Beiðni um ofangreindar upplýsingar skal berast mannauðsstjóra viðkomandi fræðasviðs fyrir 1. október ár hvert.

Forseti fræðasviðs getur óskað eftir upplýsingum hjá mannauðsstjóra sviðsins á því hvort starfsmaður, sem hann vill hvetja til að sækja um framgang, uppfylli skilyrði 7. gr. þessara reglna. Þegar staðfest hefur verið að skilyrðin séu uppfyllt, tekur viðkomandi starfsmaður ákvörðun um það hvort hann leggur fram umsókn um framgang.

Sækja skal um framgang með rafrænum hætti. Umsækjandi skal tilgreina fjóra einstaklinga sem samþykkt hafa að veita umsögn um verk hans. Þeir skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á sviði umsækjanda og a.m.k. tveir þeirra starfa utan Háskóla Íslands. Umsókn skal vera á íslensku eða ensku, eftir því sem við á.

Hafi umsækjandi fengið ótímabundna ráðningu á síðustu 12 mánuðum má vísa til þeirrar umsóknar. Umsækjandi um framgang ber ábyrgð á að uppfæra umsóknina eftir því sem við á.

5. gr. Dómnefnd fræðasviðs.

Á hverju fræðasviði starfar fjögurra manna dómnefnd sem háskólaráð tilnefnir og rektor skipar til þriggja ára í senn. Tveir nefndarmanna, hvor af sínu kyni, skulu vera akademískir starfsmenn viðkomandi fræðasviðs háskólans, og er annar þeirra formaður nefndarinnar. Þriðji nefndarmaðurinn skal starfa utan Háskóla Íslands eða vera emeritus við háskólann.

Fjórði nefndarmaðurinn er skipaður af rektor fyrir hvert framgangsmál. Hann skal tilnefndur af viðkomandi deild eða stofnun og að jafnaði vera deildarforseti eða námsbrautarformaður þegar það á við, formaður stjórnar eða akademískur forstöðumaður viðeigandi rannsóknastofnunar eða rannsóknaseturs Háskóla Íslands. Skipa skal tvo varamenn fyrir hvern aðalmann með sama hætti og tilnefning aðalmanna fer fram.

Fastafulltrúar í dómnefnd skulu hafa prófessorshæfi.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda ákvæði II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

Hlutverk dómnefndar fræðasviðs er eftirfarandi:

- a) Að meta heildarárangur og virkni umsækjanda í starfi sínu við Háskóla Íslands samkvæmt 8. gr. reglna þessara auk viðbótarskilyrða í sérreglum fræðasviða og deilda, þar sem það á við.

- b) Að veita framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands rökstutt álit um hvort mælt sé með því að framgangur verði veittur.

Dómnefnd fræðasviðs aflar umsagna að lágmarki tveggja sérfræðinga í fræðigrein umsækjandans og skal að minnsta kosti annar þessara umsagnaraðila starfa utan Háskóla Íslands. Umsagnir skulu fylgja málgögnum til framgangs- og fastráðningarnefndar. Dómnefnd er heimilt að leita út fyrir þann hóp utanaðkomandi sérfræðinga sem umsækjandi tilgreinir í umsókn sinni, sbr. 4. gr. þessara reglna. Dómnefnd fræðasviðs er heimilt að óska eftir upplýsingum um mat á fyrri störfum umsækjanda frá stjórnslu háskólans.

Dómnefnd skal funda að lágmarki einu sinni um hvert mál.

Í upphafi dómnefndarálits skal dómnefnd fræðasviðs gera grein fyrir þeim forsendum og gögnum sem hún byggir á í mati sínu á umsækjanda. Í álitinu skal koma fram hvaða gagna dómnefnd hefur aflað um umsækjanda. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um hvort umsækjandi telst, á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í reglum þessum og reglum fræðasviðs og deildar ef við á, uppfylla skilyrði til að gegna því starfi sem umsækjandi óskar eftir framgang í.

Álit dómnefndar eða meirihluta hennar skal vera afdráttarlaust um hvort umsækjandi uppfylli skilyrðin. Ef ágreiningur er innan dómnefndar ber sérhverjum dómnefndarfulltrúa að taka afstöðu. Minnihluta er heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni með rökstuddu séráliti. Ef atkvæði í nefndinni falla jöfn sker atkvæði formanns úr um niðurstöðuna. Ef dómnefnd er á einu máli skal hún skila einu áliti. Þegar álit dómnefndar fræðasviðs liggur fyrir veitir nefndin umsækjanda 14 daga frest til þess að koma andmælum á framfæri, ef ekki er mælt með framgangi. Dómnefnd tekur afstöðu til andmæla og metur hvort þau gefi tilefni til breytinga á dómnefndarálitinu.

Mæli dómnefnd með framgangi sendir nefndin framgangs- og fastráðningarnefnd háskólans öll gögn málsins innan fjögurra mánaða frá því að umsóknarfresti lauk, eða eigi síðar en 1. mars. Mæli dómnefnd ekki með framgangi er málið sent rektor til endanlegrar afgreiðslu.

6. gr. Framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands.

Rektor skipar framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands. Í nefndinni sitja samtals sex fulltrúar. Til að gæta þess að hlutfall kynjanna í nefndinni sé sem jafnast og ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, þá tilnefnir hvert fræðasvið tvo fulltrúa, hvorn af sínu kyni og velur rektor annan þeirra til að koma til móts við áðurnefnd sjónarmið. Auk þess skipar rektor formann án tilnefningar. Tilnefna skal varamenn með sama hætti og á sama tíma. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda ákvæði II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

Í framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands má skipa þá eina sem hlotið hafa prófessorshæfi. Enn fremur skal miða við að þeir sem skipaðir eru í nefndina hafi viðamikla

reynslu af rannsóknum, kennslu og akademískum stjórnunar- og þjónustustörfum.

Framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands metur umsóknir um framgang á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og ákvæða 7. og 8. gr. þessara reglna og sérreglna fræðasviða og deilda um framgang, ef við á. Nefndin gerir á grundvelli mats tillögu til rektors um hvort veita beri framgang. Ef atkvæði í nefndinni falla jöfn sker atkvæði formanns úr um niðurstöðuna. Ef það er niðurstaða nefndarinnar að ekki beri að veita framgang skal nefndin rökstyðja þá niðurstöðu og veita umsækjanda 14 daga frest til þess að koma að andmælum. Berist andmæli, ber nefndinni að taka afstöðu til þeirra.

Álit framgangs- og fastráðningarnefndar Háskóla Íslands skal berast rektor eigi síðar en 1. júní.

7. gr. Skilyrði þess að umsókn verði tekin til meðferðar.

Forsenda þess að umsókn um framgang í starfsheitið dósent eða fræðimaður sé tekin til meðferðar af dómnefnd fræðasviðs er sú að mannaðsstjóri viðkomandi sviðs hafi staðfest að umsækjandi:

- a) Hafi verið lektor (ef sótt er um framgang í dósent) eða sérfræðingur (ef sótt er um framgang í fræðimann) við Háskóla Íslands eða gegnt sambærilegu starfi í að minnsta kosti samanlagt þrjú ár þegar framgangur er veittur. Mögulegt er að uppfylla lágmarkstímann utan þeirrar deildar þar sem sótt er um framgang.
- b) Hafi í formlegu mati náð tilteknum lágmarksfjölda stiga í Matskerfi opinberra háskóla, sjá nánar töflur 1–2.

Forsenda þess að umsókn um framgang í starfsheitið prófessor eða vísindamaður sé tekin til meðferðar af dómnefnd fræðasviðs er að mannaðsstjóri sviðsins hafi staðfest að umsækjandi:

- a) Hafi verið dósent (ef sótt er um framgang í prófessor) eða fræðimaður (ef sótt er um framgang í vísindamann) við Háskóla Íslands eða gegnt sambærilegu starfi í að minnsta kosti samanlagt þrjú ár þegar framgangur er veittur. Mögulegt er að uppfylla lágmarkstímann utan þeirrar deildar þar sem sótt er um framgang.
- b) Hafi í formlegu mati náð tilteknum lágmarksfjölda stiga í Matskerfi opinberra háskóla, sjá nánar töflur 1–2.

	Rannsóknir	Kennsla	Stjórnun, þjónusta, annað	Mismunur	Alls
Prófessor	270	50	-	80	400
Dósent	130	20	-	50	200
Vísindamaður	320	-	-	80	400
Fræðimaður	150	-	-	50	200

	Ritryndar bækur (flokkar A2.1, A2.2 og A2.3)	
	Ritryndir bókarkaflar (flokkar A3.1, A3.2 og A3.3)	
	Ritryndar tímaritsgreinar (flokkar A4.1, A4.2 og A4.3)	
	Greinar í alþjóðlegum ráðstefnuritum (flokkur A5.1)	
	Einkaleyfi (flokkur A10.5)	
Prófessor/vísindamaður		180/200
Dósent/fræðimaður		80/90

8. gr. Mat á umsókn um framgang.

Umsókn um framgang er metin af dómnefnd viðkomandi fræðasviðs og framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands á grundvelli þessara reglna og sérreglna fræðasviða og deilda, séu þær fyrir hendi. Lagt er heildstætt mat á það hvort þekking, reynsla og framlag umsækjanda sé í samræmi við alþjóðleg viðmið á fræðasviði fyrir starfsheitið sem sótt er um framgang í. Við matið er litið til vísindalegs framlags og annars árangurs umsækjanda á starfsferli hans.

Umbeðin fylgigögn með umsókn eru kennsluferilskrá, feril- og ritaskrá, fjögur til átta valin vísindaverk umsækjanda og upplýsingar um framlag umsækjanda til verkanna þegar um fjölbreytt verk er að ræða. Skila má færri verkum ef um óvenju umfangsmikil rannsóknaverk er að ræða. Vísindaverkin skulu endurspeglar feril viðkomandi.

Í umsókn skal gera grein fyrir rannsóknnum, kennslu, stjórnun og þjónustu, sem og framtíðaráformum á þessum sviðum. Dómnefnd horfir til eftirfarandi þátta og metur eftir því sem við á. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi uppfylli öll atriði. Þau eru til viðmiðunar og án forgangsröðunar til að auðvelda umsækjendum að gera grein fyrir störfum sínum og dómnefndum að meta fjölbreytt framlag starfsfólks. Einnig ber að líta til sérreglna fræðasviða og deilda séu þær til staðar.

1. *Rannsóknir.*

Lagt er mat á hæfni umsækjanda til að sinna rannsóknahluta þess starfsheitis sem sótt er um. Það er gert með því að skoða rannsóknaférl umsækjanda ásamt völdum vísindaverkum og framlagi umsækjanda til þeirra þegar um fjölgöfundaverk er að ræða.

Dósent/Fræðimaður.

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið dósent eða fræðimaður er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Virkni, sjálfstæðis, frumkvæðis og áhrifa í rannsóknum.
- Fjölda rannsóknastiga og umfangs rannsókna.
- Gæða birtingarvettvangs.
- Sóknar umsækjanda í samkeppnissjóði sem eru í vörslu innan og utan Háskóla Íslands.
- Að hvaða marki umsækjandi er leiðandi í samstarfsverkefnum.
- Reynslu, virkni og framlags í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi.

Prófessor/Vísindamaður.

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið prófessor eða vísindamaður eru gerðar viðtækari kröfur varðandi framlag til rannsókna en gildir um framgang til starfs dósentis eða fræðimanns. Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið prófessor/vísindamaður er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Virkni, sjálfstæðis, frumkvæðis og áhrifa í rannsóknum.
- Fjölda rannsóknastiga og umfangs rannsókna.
- Birtingarvettvangs sem gerir strangar fræðilegar kröfur.
- Framlags umsækjanda þegar um fjölgöfundaverk er að ræða.
- Hlutverks við fjármögnun vísindarannsókna hér á landi og erlendis.
- Að hvaða marki umsækjandi er leiðandi í samstarfsverkefnum.
- Reynslu, virkni og framlags í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi.

2. *Kennsla.*

Lagt er mat á hæfni umsækjanda til að sinna kennsluhluta þess starfs sem sótt er um framgang í.

Dósent/Fræðimaður.

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið dósent eða fræðimaður (að því marki sem starfið hefur kennsluskyldu) er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Umfangs kennslu.
- Mats á gæðum kennslu, m.a. með hliðsjón af kennslukönnunum.
- Samþættingar rannsókna og kennslu.
- Þátttöku í verkefnum á sviði kennsluþróunar.
- Viðurkenninga fyrir kennsluþróun, m.a. styrkveitingar úr sjóðum á sviði kennslumála.
- Leiðbeiningar lokaverkefna.

Prófessor/Vísindamaður.

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið prófessor eða vísindamaður (að því marki sem starfið hefur kennsluskyldu) er horft til þess hvort framþróun hafi átt sér stað frá því að umsækjandi fékk framgang í starf dósents/fræðimanns. Horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Umfangs kennslu.
- Mats á gæðum kennslu, m.a. með hliðsjón af kennslukönnunum.
- Samþættingar rannsókna og kennslu.
- Fjölbreytni í kennsluaðferðum.
- Þátttöku í verkefnum á sviði kennsluþróunar.
- Viðurkenninga fyrir kennsluþróun, m.a. styrkveitinga úr sjóðum á sviði kennslumála.
- Leiðbeiningar lokaverkefna í rannsóknatengdu framhaldsnámi.

3. Stjórnun.

Lagt er mat á hæfni umsækjanda til að sinna stjórnunarhluta þess starfs sem sótt er um framgang í. Við heildarmat umsóknar styrkir þátttaka í nefndum, starfshópum og öðrum stjórnunarstörfum umsóknina.

Dósent/fræðimaður.

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið dósent eða fræðimaður er gerð krafa um reynslu af akademískri stjórnun í samræmi við starfsskyldur lektors/akademíks sérfræðings. Horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum deildar eða námsbrautar.
- Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum fræðasviðs.
- Annarra mögulegra stjórnunarstarfa.

Prófessor/vísindamaður.

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið prófessor eða vísindamaður er gerð krafa um reynslu af akademískri stjórnun og akademískum þjónustustörfum í samræmi við starfsskyldur dósents/fræðimanns. Horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum deildar eða námsbrautar.
- Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum fræðasviðs.
- Setu í nefndum, starfshópum eða annarrar stjórnunar á vegum rektors eða háskólaráðs.
- Innlendra nefndarstarfa sem byggja á sérfræðipækkingu umsækjanda, en eru utan Háskóla Íslands.
- Alþjóðlegra nefndarstarfa sem byggja á sérfræðipækkingu umsækjanda.
- Að hve miklu leyti umsækjandi hefur haft leiðandi hlutverk við stjórnun.

4. Þjónusta – tengsl við samfélag og atvinnulíf.

Lagt er mat á hæfni umsækjanda til að sinna þjónustu við samfélag og atvinnulíf í krafti sérþekkingar sinnar. Horft er til þess hvernig sú þjónusta tengist stefnu Háskóla Íslands um virka þátttöku. Við heildarmat umsóknar styrkir þátttaka í nefndum, starfshópum og öðrum stjórnunarstörfum umsóknina.

Dósent/fræðimaður.

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið dósent eða fræðimaður er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Erinda á málþingum, málstofum eða fundum sem ekki falla undir akademískan vettvang, hér á landi og erlendis.
- Annars konar miðlunar sérþekkingar, sem ekki fellur undir akademískan vettvang, til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og á alþjóðavettvangi.
- Álitsgerða og skýrslna sem ætlaðar eru aðilum utan akademíunnar.
- Skipulagningar vísindaráðstefna.
- Setu í ritstjórnnum bóka og tímarita almenns eðlis sem byggir á fræðilegri sérþekkingu.
- Almenns fræðsluefnis og þýðinga, byggt á fræðilegri sérþekkingu.

Prófessor/vísindamaður.

Við mat á umsókn um framgang í starfsheitið prófessor eða vísindamaður er horft til eftirfarandi þátta eftir því sem við á:

- Álitsgerða og skýrslna sem ætlaðar eru aðilum utan akademíunnar.
- Erinda á málþingum, málstofum eða fundum sem ekki falla undir akademískan vettvang, hér á landi og erlendis.
- Annars konar miðlunar sérþekkingar, sem ekki fellur undir akademískan vettvang, til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og á alþjóðavettvangi.
- Skipulagningar alþjóðlegra vísindaráðstefna.
- Opinberra matsstarfa.
- Hagnýtingar rannsókna.
- Þátttöku í ritstjórnnum bóka og tímarita almenns eðlis sem byggir á fræðilegri sérþekkingu.
- Almenns fræðsluefnis og þýðinga, byggt á fræðilegri sérþekkingu.
- Stofnunar sprotafyrirtækja.

9. gr. Lagastoð og gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla.

Reglurnar taka gildi 1. febrúar 2021 að því undanskildu að skilyrði reglnanna um lágmarkstíma í starfsheiti taka gildi 1. janúar 2022. Reglur nr. 263/2010 um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands falla úr gildi 1. febrúar 2021.

Reglurnar skulu endurskoðaðar þremur árum eftir gildistöku.

Leiðbeiningar fyrir umsækjendur, dómnefndir fræðasviða og framgangs- og fastráðningarnefnd vegna umsókna um framgang akademískra starfsmanna í starfi við Háskóla Íslands

Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Leiðbeiningar fyrir umsækjendur
 - 2.1 Get ég sótt um framgang?
 - 2.2 Hvernig sæki ég um framgang?
 - 2.3 Hvað á umsókn að innihalda?
 - 2.4 Hvernig fer mat á umsókn fram?
3. Dómnefndir fræðasviða
 - 3.1 Skipun og hlutverk dómnefnda fræðasviða
 - 3.2 Vinnulag við mat
 - 3.3 Mat á umsóknum
4. Framgangs- og fastráðningarnefnd
 - 4.1 Skipun og hlutverk framgangs- og fastráðningarnefndar
 - 4.2 Vinnulag við mat

1. Inngangur

Reglur nr. X frá 2020 um framgang akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands, miða að því að framgangur byggji á heildstæðu faglegu mati á frammistöðu og árangri umsækjanda í starfi í þágu háskólans og samfélagsins. Í reglunum er kveðið á um lágmarksskilyrði þess að umsóknir um framgang séu teknar til meðferðar og matsþættir dómnefnda tilteknir. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi uppfylli öll matsatriði sem tiltekin eru í reglunum en ríkari kröfur eru gerðar um framgang í stöðu prófessors/vísindamanns en dósent/fræðimanns. Matsatriðin eru til viðmiðunar og án forgangsstöðunar og til þess fallin að auðvelda umsækjendum að gera grein fyrir störfum sínum og dómnefndum að meta fjölbreytt framlag starfsfólks. Við matið ber að líta til sérreglna fræðasviða og deilda séu þær til staðar. Við matið ber einnig að líta til þess að Háskóli Íslands er í senn alþjóðlegur rannsóknarháskóli og þjóðskóli, sem gerir ríkar kröfur til árangurs í starfi.

Leiðbeiningar þessar eru ætlaða umsækjendum um framgang, dómnefndum fræðasviða og framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands og eru til skýringar við reglur nr. X frá 2020.

2. Leiðbeiningar fyrir umsækjendur

2.1 Get ég sótt um framgang?

Akademískir starfsmenn við Háskóla Íslands sem uppfylla lágmarksskilyrði um tíma í starfi og lágmarksfjölda stiga í Matskerfi opinberra háskóla, geta sótt um framgang telji þeir sig uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um framgang að öðru leyti. Framgangur er ekki tengdur ótímabundinni ráðningu. Mannauðsstjóri viðkomandi fræðasviðs veitir starfsmanni og forseta fræðasviðs eða stjórnarformanni eða akademískum forstöðumanni ef við á, fyrirbyggjandi upplýsingar um tíma í starfi og fjölda áunninna stiga í Matskerfi opinberra háskóla sé þess óskað. Mikilvægt er að beiðni um slíkt berist mannauðsstjóra fræðasviðs vel tímanlega eða eigi síðar en um það bil mánuði fyrir auglýstan umsóknarfrest um framgang, þannig að starfsmanni sem uppfyllir lágmarksskilyrði gefist tími til að undirbúa umsóknina. Mannauðsstjóri veitir einungis fyrirbyggjandi upplýsingar um starfsaldur og fjölda stiga sem fengist hafa úr formlegu mati, sem framkvæmt er árlega samkvæmt Matskerfi opinberra háskóla. Mannauðsstjóri leggur ekki eigið mat á frammistöðu umsækjanda, enda er það hlutverk dómnefndar sviðs og framgangsnefndar.

Lágmarksskilyrði fyrir umsókn um framgang í starfi er að starfsmaður:

- 1) Hafi gegnt akademísku starfi (lektor, dósent, sérfræðingur eða fræðimaður) við Háskóla Íslands eða sambærilegu starfi við annan háskóla eða stofnun, í að minnsta kosti þrjú ár áður en framgangur er veittur í næsta starfsheiti. Framgangur við Háskóla Íslands tekur gildi 1. júlí, þar að leiðandi þarf starfsmaður að hafa gegnt tilteknu starfi í 28 mánuði þegar umsóknarfresti um framgang lýkur 1. nóvember ár hvert. Rökin fyrir skilyrði um lágmarkstíma í starfi áður en sótt er um framgang eru þau að starfsmanni hafi gefist tími til að öðlast þá reynslu sem meta skal.
- 2) Hafi í formlegu mati náð tilteknum lágmarksfjölda stiga í Matskerfi opinberra háskóla, sjá nánar töflur 1–2 í 7. gr. reglna nr. X frá 2020. Ítrekað er að hér er um að ræða lágmarkskröfur um stigafjölda úr formlegu ársmati til þess að öðlast rétt til að leggja fram umsókn um framgang, sem tekin er til meðferðar af dómnefnd. Matsþættir í sjálfri umsókninni eru til þess fallnir að

umsækjandi geti gert grein fyrir eigin frammistöðu og árangri tengt rannsóknum (meðal annars greinum í vinnslu, birtingabið og styrkjasókn) og dómnefnd hafi forsendur til að leggja heildstætt mat á umsókn.

2.2 Hvernig sæki ég um framgang?

Þegar mannauðsstjóri hefur staðfest að starfsmaður uppfylli lágmarksskilyrði þess að sækja um framgang í starfi sem lýtur að tíma í starfi og lágmarksstigafjölda, tekur viðkomandi starfsmaður ákvörðun um hvort hann leggur fram umsókn um framgang. Sótt er um framgang til vísinda- og nýsköpunarsviðs á þar til gerðu rafrænu umsóknareyðublaði. Umsóknarfrestur um framgang er til og með 1. nóvember ár hvert. Mikilvægar dagsetningar varðandi umsókn um framgang má sjá mynd I í kafla 2.4 um matsferil umsóknar.

2.3 Hvað á umsókn að innihalda?

Umsóknargögn eru tiltekin á þar til gerðu rafrænu umsóknareyðublaði sem aðgengilegt er hér: „xxx hér kemur slóð“. Umsækjandi ber ábyrgð á að skila fullbúinni umsókn og viðeigandi gögnum til mats. Ekki er tekið við umsóknargögnum eftir að umsóknarfresti lýkur.

Til þess að auðvelda dómnefndum að leggja heildstætt mat á akademískt starf umsækjanda er mikilvægt að vandað sé til umsóknar.

Meðal umbeðinna fylgigagna með umsókn er:

- Tími í starfi og fjöldi stiga úr MOH, staðfesting mannauðsstjóra.
- Útkoma úr kennslukönnun.
- Kennsluferilskrá.
- Rita- og ferilskrá.
- Fjögur til átta valin vísindaverk umsækjanda og upplýsingar um framlag umsækjanda til verkanna þegar um fjölhöfundaverk er að ræða. Skila má færri verkum ef um óvenju umfangsmikil rannsóknaverk er að ræða. Tilgangurinn er að dómnefnd fái heildaryfirsýn yfir vísindaferil umsækjanda.
- Nöfn fjögurra meðmælenda sem samþykkt hafa að veita umsögn um verk umsækjanda. Að minnsta kosti tveir þeirra skulu vera starfandi utan Háskóla Íslands. Að starfa utan háskólans merkir í þessu sambandi, að starfssamband við háskólann er ekki til staðar. Emeritusar og gestakennarar flokkast sem starfandi innan HÍ þótt ekki sé um ráðningarsamband að ræða. Haft verður samband við að minnsta kosti tvo meðmælendur og skal a.m.k. annar þeirra vera starfandi utan háskólans. Dómnefnd er heimilt að leita út fyrir þann hóp sem umsækjandi tiltekur.
- Greinargerð, að hámarki 1500 orð, um störf umsækjanda við Háskóla Íslands við rannsóknir, kennslu, stjórnun og þjónustu og framtíðaráform hvað framangreint varðar.


Matsgögn umsóknar um ótímabundna ráðningu og matsgögn umsóknar um framgang í starfi eru að miklu leyti þau sömu. Til þess að koma í veg fyrir tvíverknað og minnka álag sem felst í umsóknaskrifum, má umsækjandi sem fengið hefur ótímabundna ráðningu á síðustu 12 mánuðum vísa til þeirrar umsóknar. Umsækjandi ber ábyrgð á að uppfæra umsóknina eftir því sem við á fyrir framgang.

2.4 Hvernig fer mat á umsókn fram?

Eftir að umsóknarfresti lýkur eru umsóknir metnar af dómnefnd viðkomandi fræðasviðs. Dómnefnd metur heildarárangur og virkni umsækjanda í starfi sínu við Háskóla Íslands, byggt á umsóknargögnum og umsögnum meðmælenda. Því er mikilvægt að umsókn sé vel unnin og öll umsóknargögn til staðar.

Matsþættir eru taldir upp í reglum nr. X um framgang akademískra starfsmanna. Í vissum tilfellum er torvelt að tiltaka ítarlegar kröfur til umsækjanda um framgang og nákvæma matskvarða þar sem reglurnar ná yfir allan háskólann. Því er ekki gerð krafa um að allir matsþættir séu uppfylltir, heldur eru þeir til viðmiðunar og án forgangsröðunar. Ríkari kröfur eru gerðar um framgang í stöðu prófessors/vísindamanns en dósent/fræðimanns. Umsækjendum og dómnefndum ber að hafa í huga að Háskóli Íslands er í senn alþjóðlegur rannsóknarháskóli og þjóðskóli, sem gerir ríkar kröfur til árangurs í starfi og skal það endurspeglast í matinu, jafnvel þótt ekki sé gert ráð fyrir að allir nefndir matsþættir séu uppfylltir. Framkvæmd reglna um framgang í starfi við Háskóla Íslands skal vera í samræmi við bestu starfshætti á alþjóðlegum vettvangi. Það þýðir að framgangur er veittur vegna árangurs í starfi sem uppfyllir sett viðmið og felur í sér verulega viðurkenningu fyrir viðkomandi starfsmann. Með dómnefndinni starfar starfsmaður frá vísinda- og nýsköpunarsviði sem hefur það hlutverk að fylgjast með starfi nefndarinnar, aðstoða nefndina og samræma vinnulag dómnefnda þegar það á við.

Í þeim tilvikum þegar dómnefnd mælir ekki með framgangi er umsækjanda veittur 14 daga frestur til þess að koma andmælum á framfæri. Dómnefnd metur hvort andmælin gefi tilefni til breytinga á dómnefndarálitinu. Ef dómnefnd metur að ekki sé tilefni til breytinga er málið sent rektor til endanlegrar afgreiðslu. Mæli dómnefnd hins vegar með framgangi sendir nefndin framgangs- og fastráðningarnefnd háskólans öll gögn málsins ásamt rökstuddu álitu fyrir veitingu framgangs. Framgangs- og fastráðningarnefnd tekur eigin afstöðu byggða á fyrirliggjandi gögnum. Ef niðurstaða nefndarinnar er að ekki beri að veita framgang veitir nefndin umsækjanda 14 daga andmælafrest og metur að því búnu hvort andmælin gefi tilefni til breytinga á umsógninni. Framgangs- og fastráðningarnefnd gerir tillögu til rektors um hvort veita skuli framgang. Þann 1. júlí ár hvert tekur framgangur gildi.



Mynd I: Ferill umsóknar um framgang og mikilvægar tímasetningar

3. Dómnefndir fræðasviða

3.1 Skipun og hlutverk dómnefnda

Á hverju fræðasviði starfar fjögurra manna dómnefnd sem rektor skipar, sjá töflu 1. Skipaðir eru tveir varamenn fyrir hvern aðalmann með sama hætti og tilnefning aðalmanna fer fram. Þriðja hvert ár, við nýskipun fastanefndar dómnefndar, fundar starfsmaður vísinda- og nýsköpunarsviðs sem starfar með dómnefndum fræðasviða og lögfræðingur mannauðssviðs með fastanefndinni í því skyni að kynna nefndarmönnum reglur Háskóla Íslands um framgang og sérreglur fræðasviða um framgang séu þær til staðar, hlutverk dómnefnda og vinnulag við mat umsókna.

Tafla 1. Skipun dómnefndar fræðasviðs

Nefndarmaður	Kyn	Tilnefning	Skipunartími	Starfsvettvangur	Akademískt hæfi
1 - formaður	Annað kyn en nefndarmaður 2	Háskólaráð	3 ár	Innan viðkomandi fræðasviðs HÍ	Prófessor
2	Annað kyn en nefndarmaður 1	Háskólaráð	3 ár	Innan viðkomandi fræðasviðs HÍ	Prófessor
3	Ekki tiltekið	Háskólaráð	3 ár	Utan HÍ eða emeritus við HÍ	Prófessor
4	Ekki tiltekið	Deild eða stofnun	Tiltekið framgangsmál	Skal að jafnaði vera deildarforseti, námsbrautarformaður þegar það á við, formaður stjórnar eða akademískur forstöðumaður stofnunar	Ekki tilgreint

Hlutverk dómnefnda fræðasviðs er:

- Að meta heildarárangur og virkni umsækjanda í starfi sínu við Háskóla Íslands samkvæmt reglum háskólans og viðbótarskilyrðum í sérreglum fræðasviða og deilda, þar sem það á við.
- Að gefa rökstutt álit á framgangi og skýra hvers vegna veita beri framgang – eða hafna umsókn um framgang.

3.2 Vinnulag við mat umsókna

Dómnefndir hefja vinnu við mat þegar umsóknarfresti lýkur 1. nóvember. Ferlið er eftirfarandi:

- Umsóknir um framgang berast starfsmanni nefndarinnar hjá vísinda- og nýsköpunarsviði.
- Formaður dómnefndar, með aðstoð starfsmanns nefndarinnar, kallar eftir að lágmarki tveimur umsögnum um störf hvers umsækjanda og skal að minnsta kosti annar umsagnaraðila starfa utan Háskóla Íslands. Að starfa utan Háskólans merkir að starfssamband við Háskólann er ekki til staðar. Emeritus og gestakennarar eru starfandi innan HÍ þótt ekki sé um ráðningarsamband að ræða. Þess vegna er tiltekið að þriðji nefndarmaður geti verið utan HÍ EÐA emeritus. Venjan er að leitað sé til sérfræðinga sem umsækjandi gefur upp í umsókn sinni. Dómnefnd er þó heimilt að leita út fyrir þann hóp og getur einnig óska eftir upplýsingum um mat á fyrri störfum umsækjanda frá stjórnslu háskólans.

3. Eftir að nefndarmenn hafa staðfest hæfi sitt til að fjalla um viðkomandi umsókn fá þeir aðgang að umsóknargögnum og umsögnum meðmælenda. Fyrir fyrsta fund dómnefndar kynnir hver og einn nefndarmaður sér allar umsóknir sem berast nefndinni og tekur afstöðu til þess um hvort veita skuli umsækjanda framgang, byggða á umsóknargögnum og umsögnum meðmælenda.
4. Dómnefnd fundar að minnsta kosti einu sinni um hvert framgangsmál sem nefndinni berst. Starfsmaður nefndarinnar boðar til fundarins. Formaður kynnir fyrirbyggjandi umsóknir og leitar eftir afstöðu nefndarmanna til hvernar umsóknar. Þegar niðurstaða liggur fyrir er dómnefndarálit útbúið þar sem niðurstaða dómnefndar á því hvort veita beri framgang er rökstudd. Lögfræðingur mannauðssviðs er nefndinni innan handar við gerð álitsins.
5. Álit dómnefndar eða meirihluta hennar skal vera afdráttarlaust um hvort umsækjandi uppfylli skilyrðin. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Ef ágreiningur er innan dómnefndar er minnihluta heimilt að gera grein fyrir afstöðu sinni með rökstuddu séráliti. Þegar álit dómnefndar fræðasviðs liggur fyrir veitir nefndin umsækjanda 14 daga frest til þess að koma andmælum á framfæri, ef ekki er mælt með framgangi. Dómnefnd tekur afstöðu til andmæla og metur hvort þau gefi tilefni til breytinga á dómnefndarálitinu.
6. Mæli dómnefnd með framgangi sendir starfsmaður nefndarinnar framgangs- og fastráðningarnefnd háskólans dómnefndarálitið og öll gögn málsins innan fjögurra mánaða frá því að umsóknarfresti lauk, eða eigi síðar en 1. mars. Mæli framgangs- og fastráðningarnefnd ekki með framgangi er umsækjanda veittur 14 daga frestur til andmæla. Eftir að andmæli berast tekur nefndin afstöðu til þess hvort andmæli gefi tilefni til breytinga á álitinu. Málið er sent rektor til endanlegrar afgreiðslu.

3.3 Mat á umsóknum

Umsóknir sem teljast hæfar til framgangsmats uppfylla lágmarksskilyrði um stigafjölda og tíma í starfi. Mat á þeim miðast því við það sem umsækjandi hefur fram að færa til viðbótar við þetta. Dómnefnd getur því aldrei litið svo á að stigafjöldi og starfstími séu nægileg skilyrði framgangs. Þetta á við líka þótt fjöldi stiga og lengd starfstíma sé umfram lágmark.

Í umsókn skal gera grein fyrir rannsóknnum, kennslu, stjórnun og þjónustu og framtíðaráformum á þessum sviðum. Dómnefnd leggur heildstætt mat á reynslu, framlag og árangur umsækjanda. Horft er til þess hvort framgangur viðkomandi sé í samræmi við það markmið Háskóla Íslands að vera metnaðarfullur alþjóðlegur rannsóknarháskóli og þjóðháskóli, og virkur þátttakandi í samfélagi og atvinnulífi sem veitir nemendum bestu mögulegu háskólamenntun. Við matið er litið til árangurs umsækjanda á starfsferli sínum. Horft er til vísindalegs framlags, kennslureynslu og framlags til kennsluþróunar en einnig til stjórnunar á fræðilegum vettvangi, auk samfélagslegrar virkni og miðlunar til almennings. Mat dómnefnda tekur tillit til þess fjölbreytta framlags sem störf akademískra starfsmanna endurspeglar og fjölbreyttra áherslna í starfsþróun. Jafnframt er gætt jafnræðis við afgreiðslu umsókna.

Dómnefnd horfir til þeirra þátta og metur eftir því sem við á. Rökstuðningur fyrir framgangi tekur til þess að umsækjandi hafi náð eftirtektarverðum árangri varðandi einhverja þeirra þátta sem um er að ræða og sé líklegur til að ná frekari árangri í starfi sínu í náinni framtíð.

Ekki er gerð krafa um að umsækjandi uppfylli öll atriðin sem nefnd eru í reglunum. Þau eru til viðmiðunar og án forgangsröðunar og því er mikilvægt að dómnefnd setji þau í samhengi við áherslur viðkomandi starfs í rökstuðningi sínum. Sem dæmi má nefna eftirfarandi (upptalningin er alls ekki tæmandi):

- Þegar fjallað er um kröfur um virkni, sjálfstæði og frumkvæði í rannsóknum er litið til þess hvernig umsækjandi hefur með störfum sínum veitt framlag til fræðigreinar sinnar og þess fræðasamfélags sem hann tilheyrir með sjálfstæðri og samfelldri rannsóknavirkni. Þegar um er að ræða veikindaleyfi, fæðingarorlof eða aðrar málefnalegar ástæður sem haft geta áhrif á samfellda virkni, skal umsækjandi gera grein fyrir því í umsókninni.
- Þegar fjallað er um birtingarvettvang sem gerir strangar fræðilegar kröfur má benda á þau verk umsækjanda sem hafa birst á vettvangi sem nýtur viðurkenningar á fræðasviðinu.
- Þegar fjallað er um kröfur um sókn í samkeppnisjóði er mikilvægt að umsækjandi geri grein fyrir viðleitni sinni til að fjá magna rannsóknir með samkeppnisstyrkjum.
- Í mati á hlutverki umsækjanda við fjármögnun vísindarannsókna hér á landi og erlendis skiptir máli hvort hann/hún hefur verið þátttakandi í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum sem hafa sótt um styrki úr viðurkenndum sjóðum.
- Hvort umsækjandi getur talist hafa verið leiðandi í samstarfsverkefnum má meta út frá því hvort hann/hún hefur verið í stöðu aðalumsækjanda í styrkumsóknum eða í umfangsmeiri rannsóknaverkefnum sem fólk úr mörgum háskólum kemur að.
- Umfang kennslu sem umsækjandi hefur sinnt á ferlinum getur skipt máli. Einnig að umsækjandi hafi sýnt fram á tengsl eigin kennslu og rannsókna og viðleitni til að auka kennsluhæfni sína t.d. með námskeiðum á sviði kennslufræði, eða með þátttöku í kennslufræðinámi fyrir háskólakennara sem boðið er upp á við Háskóla Íslands. Einnig má hafa í huga framlag umsækjanda til kennsluþróunar.
- Við mat á stjórnun kemur reynsla af nefndastörfum við sögu, en horft er sérstaklega til þess hvort umsækjanda hafa verið falin ábyrgðarhlutverk í slíku starfi, hann/hún hafi leitt starfsnefndir, tekið þátt í eða borið ábyrgð á mati umsókna, setið í fagráðum o.s.frv.
- Mat á þjónustu og samfélagstengslum getur beinst að því hvernig rannsóknastarf og sérþekking viðkomandi hefur nýst t.d. í atvinnulífi eða á sviði menningar eða stjórn mála. Hvort sóst hafi verið eftir ráðgjöf umsækjanda við umfangsmikil verkefni, eða hann/hún gert sér far um að miðla þekkingu háskólasamfélagsins út fyrir það.

4. Framgangs- og fastráðningarnefnd

Í Háskóla Íslands sér ein og sama nefndin um mat umsóknum um ótímabundna ráðningu og umsóknum um framgang akademískra starfsmanna. Umsóknir um framgang og ótímabundna ráðningu hvíla að miklu leyti á sömu matsviðmiðum og því verða til samlegðaráhrif þar sem ákveðin reynsla og heildarsýn skapast innan nefndarinnar.

4.1 Skipun og hlutverk framgangs- og fastáðningarnefndar

Rektor skipar framgangs- og fastráðningarnefnd, sjá töflu 2. Þeir sem skipaðir eru í nefndina skulu hafa viðamikla reynslu af rannsóknum, kennslu og akademískum stjórnunar- og þjónustustörfum. Skipaður er einn varamaður fyrir hvern aðalmann með sama hætti og tilnefning aðalmanna fer fram. Þriðja hvert ár, við nýskipun nefndarinnar, fundar starfsmaður vísinda- og nýsköpunarsviðs og lögfræðingur mannauðssviðs með nefndinni í því skyni að kynna nefndarmönnum reglur Háskóla Íslands um framgang- og ótímabundna ráðningu ásamt sérreglur fræðasviða séu þær til staðar. Einnig er farið yfir hlutverk nefndarinnar og vinnulag við mat umsókna. Starfsmaður vísinda og nýsköpunarsviðs starfar með nefndinni ásamt lögfræðingi mannauðssviðs.

Tafla 2. Skipun framgangs- og fastráðningarnefndar

Nefndarmaður	Tilnefning	Skipunartími	Starfsvettvangur	Akademískt hæfi
1 - formaður	Án tilnefningar	3 ár	Ótilgreint	Prófessor
2	FVS tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan FVS HÍ	Prófessor
3	HUG tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan HUG HÍ	Prófessor
4	HVS tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan HVS HÍ	Prófessor
5	MVS tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan MVS HÍ	Prófessor
6	VON tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan VON HÍ	Prófessor

4.2 Vinnulag framgangs- og fastráðningarnefndar

Forsenda þess að framgangs- og fastráðningarnefnd fái umsókn um framgang til meðferðar, er að dómnefnd fræðasviðs hafi mælt með veitingunni.

Ferlið við mat framgangsnefndar er eftirfarandi:

- Starfsmaður nefndarinnar kallar til fundar vegna umsókna sem borist hafa nefndinni til mats. Nefndarmenn staðfesta hæfi sitt til að fjalla um viðkomandi umsóknir. Þeir fá aðgang að umsóknargögnum, umsögnum meðmælenda og dómnefndaráliti. Hver og einn nefndarmaður kynnir sér umsóknir og umsóknargögn og tekur afstöðu til þess hvort mæla skuli með framgangi.
- Fundur framgangs- og fastráðningarnefndar
Framkomnar umsóknir eru teknar til umfjöllunar á fundum nefndarinnar. Nefndin gerir á grundvelli umsókna og annarra matsgagna tillögu til rektors um hvort veita beri framgang. Ef atkvæði í nefndinni falla jöfn sker atkvæði formanns úr. Ef það er niðurstaða nefndarinnar að ekki beri að veita framgang skal nefndin rökstyðja þá niðurstöðu og veita umsækjanda 14 daga frest til þess að koma að andmælum. Berist andmæli, ber nefndinni að taka afstöðu til þeirra áður en niðurstaða nefndarinnar er send rektor til endanlegrar afgreiðslu. Álit framgangs- og fastráðningarnefndar Háskóla Íslands skal berast rektor eigi síðar en 1. júní.
- Framgangur tekur gildi 1. júlí ár hvert.

Reglur um ótímabundna ráðningu akademísks starfsfólks við Háskóla Íslands

1. gr. Markmið.

Reglur þessar gilda um ótímabundna ráðningu akademísks starfsfólks við Háskóla Íslands sbr. 1. og 4. mgr. 17. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og III. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Ótímabundin ráðning að lokinni tímabundinni ráðningu byggir á heildstæðu faglegu mati á frammistöðu og árangri akademísks starfsmanns í rannsóknum, kennslu, stjórnun og þjónustu í þágu Háskóla Íslands og samfélagsins. Við matið ber einnig að líta til þess að Háskóli Íslands er í senn alþjóðlegur rannsóknarháskóli og þjóðskóli, sem gerir ríkar kröfur til árangurs í starfi.

Í reglum þessum er kveðið á um lágmarksskilyrði ótímabundinnar ráðningar. Deildir geta, með samþykki fræðasviðs, skilgreint frekari skilyrði en fram koma í reglum þessum sem leggja ber til grundvallar við mat á umsóknum um ótímabundna ráðningu. Fræðasvið geta einnig ákveðið að slíkar reglur skuli gilda um allar deildir á fræðasviðinu. Viðkomandi fræðasvið skal leggja reglur fræðasviðs og deilda fyrir háskólaráð til staðfestingar.

2. gr. Tímabundin ráðning.

Í samræmi við 31. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 skal upphafleg ráðning akademísks starfsfólks að jafnaði vera tímabundin til fimm ára, hvort sem um er að ræða fullt starf eða hlutastarf. Þegar um er að ræða veikindaleyfi, fæðingarorlof eða aðrar málefnalegar ástæður sem haft geta áhrif á starfsafköst, er forseta fræðasviðs heimilt að framlengja tímabundna ráðningu viðkomandi um allt að tvö ár. Slík framlenging skal rökstudd sérstaklega og skal rökstuðningurinn fylgja umsókninni að framlengdu tímabili liðnu.

3. gr. Umsókn um ótímabundna ráðningu.

Hyggist akademískur starfsmaður óska eftir ótímabundinni ráðningu skal hann sækja um það til rektors eigi síðar en níu mánuðum áður en tímabundinni ráðningu lýkur. Nota skal rafrænt umsóknareyðublað fyrir ótímabundna ráðningu, þar sem umsóknargögn eru tiltekin. Með umsókn skal umsækjandi leggja fram greinargerð, að hámarki 1500 orð, um störf sín frá upphafi tímabundinnar ráðningar við Háskóla Íslands við rannsóknir, kennslu, stjórnun og þjónustu. Með umsókn skal einnig fylgja rita- og ferilskrá, allt að fimm helstu ritverk sem hafa verið birt frá upphafi tímabundinnar ráðningar og framlag umsækjanda til ritverkanna þegar um fjölhöfundaverk er að ræða. Þá skal gera grein fyrir rannsóknum, kennslu, stjórnun og þjónustu, sbr. 6. gr. þessara reglna.

Einungis skal senda með umsókninni gögn sem tengjast starfstímabili hinnar tímabundnu ráðningar. Umsækjandi skal tilgreina fjóra einstaklinga sem samþykkt hafa að veita umsögn um verk hans. Þeir skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á sviði umsækjanda og a.m.k. tveir þeirra starfa utan Háskóla Íslands.

Rektor sendir umsókn um ótímabundna ráðningu til forseta fræðasviðs, eða ef við á, til formanns stjórnar eða akademísks forstöðumanns viðeigandi rannsóknastofnunar eða rannsóknaseturs Háskóla Íslands, sem aflar umsagnar viðkomandi deildar eða starfseiningar og a.m.k. tveggja af þeim fjórum sérfræðingum sem umsækjandi gefur upp. Heimilt er að

leita eftir umsögnum annarra utanaðkomandi sérfræðinga til viðbótar. Auk þess skrifar forseti fræðasviðs, eða ef við á, formaður stjórnar eða akademískur forstöðumaður eigin umsögn um umsækjandann þar sem fram kemur rökstudd afstaða til þess hvort mæla skuli með ótímabundinni ráðningu. Að því búnu sendir hann umsóknina ásamt öllum umsögnum til framgangs- og fastráðningarnefndar Háskóla Íslands. Nefndin gerir tillögu til rektors um hvort umsækjandi skuli ráðinn ótímabundinni ráðningu.

Hafi umsækjandi fengið framgang á síðustu 12 mánuðum má vísa til þeirrar umsóknar. Umsækjandi ber ábyrgð á að uppfæra umsóknina eftir því sem við á fyrir ótímabundna ráðningu.

4. gr. Framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands.

Rektor skipar framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands. Í nefndinni sitja samtals sex fulltrúar. Til þess að gæta þess að hlutfall kynjanna í nefndinni sé sem jafnast og ekki minna en 40%, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, þá tilnefnir hvert fræðasvið tvo fulltrúa, hvorn af sínu kyni, og velur rektor annan þeirra til að koma til móts við áðurnefnd sjónarmið. Auk þess skipar rektor formann án tilnefningar. Tilnefna skal varamenn á sama tíma og með sama hætti. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda ákvæði II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993. Í nefndina má skipa þá eina sem hlotið hafa prófessorshæfi. Enn fremur skal miða við að þeir sem skipaðir eru í nefndina hafi viðamikla reynslu af rannsóknum, kennslu og akademískum stjórnunarstörfum. Ef atkvæði í nefndinni falla jöfn sker atkvæði formanns úr um niðurstöðuna.

5. gr. Ákvörðun um ótímabundna ráðningu.

Framgangs- og fastráðningarnefnd Háskóla Íslands metur störf umsækjanda á grundvelli umsóknargagna auk umsagna deildar, forseta fræðasviðs/forstöðumans og sérfræðinga og gerir rökstudda tillögu til rektors um hvort ráða beri umsækjanda ótímabundið. Nefndinni er heimilt að leita eftir umsögnum sérfræðinga til viðbótar við þær umsagnir sem þegar hafa verið veittar.

Þegar álit nefndarinnar liggur fyrir veitir hún umsækjanda 14 daga frest til þess að koma andmælum á framfæri, ef ekki er mælt með ótímabundinni ráðningu. Nefndin tekur afstöðu til andmæla og metur hvort þau gefi tilefni til breytinga á álitni nefndarinnar.

Rektor tekur endanlega ákvörðun, að fenginni tillögu framgangs- og fastráðningarnefndar um hvort veitt verði ótímabundin ráðning. Niðurstaða rektors skal liggja fyrir að minnsta kosti þremur mánuðum áður en tímabundinni ráðningu umsækjanda lýkur.

6. gr. Mat á umsókn um ótímabundna ráðningu.

Leggja skal heildstætt mat á umsókn um ótímabundna ráðningu og hvort umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem eðlilegt er að gera frá ráðningu í tímabundið starf við Háskóla Íslands. Mikilvægt er að litið sé til allra starfsþátta sem heyra til akademískra starfa við háskólann (rannsókn, kennslu, stjórnunar og þjónustu við samfélag og atvinnulíf) og tillit tekið til áherslna umsækjanda og þarfa viðkomandi starfseiningar. Við matið skulu deild, forseti

fræðasviðs, eða ef við á formaður stjórnar eða akademískur forstöðumaður og framgangs- og fastráðningarnefnd horfa til eftirfarandi þátta, byggt á umsókn og fylgigögnum sem og umsögnum sérfræðinga og meta eftir því sem við á. Ekki er gerð krafa um að umsækjandi uppfylli öll atriðin. Þau eru til viðmiðunar og án forgangsroðunar til að auðvelda umsækjendum að gera grein fyrir störfum sínum og matsaðilum að meta fjölbreytt framlag starfsfólks. Einnig ber að líta til sérreglna fræðasviða og deilda séu þær til staðar.

1. *Rannsóknir.*

Rannsóknaferrill umsækjanda skal metinn frá ráðningu í tímabundið starf við Háskóla Íslands. Horft er til eftirfarandi þátta eftir því sem við á, miðað við starfsheiti og starfsskyldur umsækjanda:

- Virkni, sjálfstæði, frumkvæði og áhrif í rannsóknum.
- Fjöldi rannsóknastiga og umfang rannsókna.
- Birtingarvettvangs sem gerir strangar fræðilegar kröfur.
- Framlags umsækjanda þegar um fjölbreytt verk er að ræða.
- Álitsgerða og skýrsla sem umsækjandi hefur sent frá sér í frágenginni mynd.
- Hlutverks við fjármögnun vísindarannsókna hér á landi og erlendis.
- Að hvaða marki umsækjandi er leiðandi í samstarfsverkefnum.
- Reynslu, virkni og framlags í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi.
- Rannsóknáforma umsækjanda og verka í vinnslu.

2. *Kennsla.*

Kennsluferill umsækjanda skal metinn frá ráðningu í tímabundið starf við Háskóla Íslands. Horft er til eftirfarandi þátta eftir því sem við á, miðað við starfsheiti og starfsskyldur umsækjanda:

- Gæða kennslu, m.a. með hliðsjón af kennslukönnunum.
- Samþættingar rannsókna og kennslu.
- Fjölbreytni í kennsluaðferðum.
- Þátttöku í verkefnum á sviði kennsluþróunar.
- Reynslu og árangurs umsækjanda af leiðbeiningu lokaverkefna, meðal annars í rannsóknatengdu framhaldsnámi.

3. *Stjórnun.*

Stjórnunarferill umsækjanda gagnvart fræðasamfélaginu skal metinn frá ráðningu í tímabundið starf við Háskóla Íslands. Horft er til eftirfarandi þátta eftir því sem við á, miðað við starfsheiti og starfsskyldur umsækjanda:

- Setu í nefndum, starfshópum, eða annarri stjórnun á vegum deildar eða námsbrauta.
- Setu í nefndum, starfshópum eða annarri stjórnun á vegum fræðasviðs.
- Setu í nefndum, starfshópum, eða annarri stjórnun á vegum rektors eða háskólaráðs.
- Annarra akademískra stjórnunarstarfa hér á landi eða erlendis, byggt á sérfræðibekkingu umsækjanda.
- Að hve miklu leyti umsækjandi hefur haft leiðandi hlutverk við stjórnun.

4. *Þjónusta – tengsl við samfélag og atvinnulíf.*

Þjónusta umsækjanda við samfélag og atvinnulíf í krafti sérþekkingar sinnar frá ráðningu í tímabundið starf við Háskóla Íslands. Horft er til eftirfarandi þátta og hvernig þeir tengjast stefnu Háskóla Íslands um virka þátttöku:

- Álitsgerða og skýrslna sem ætlaðar eru aðilum utan akademíunnar.
- Erinda á málþingum, málstofum eða fundum sem ekki falla undir akademískan vettvang, hér á landi og erlendis.
- Annars konar miðlunar sérþekkingar, sem ekki fellur undir akademískan vettvang, til hagsbóta fyrir íslenskt samfélag og á alþjóðavettvangi.
- Hagnýtingar rannsókna.
- Setu í ritstjórn bóka og tímarita almenns eðlis sem byggja á fræðilegri sérþekkingu.
- Almenns fræðsluefnis og þýðinga, byggðra á fræðilegri sérþekkingu.
- Þátttöku í starfi fagfélaga.

7. gr. Lagastoð og gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar taka gildi 1. febrúar 2021. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 263/2010 um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands.

Reglurnar skulu endurskoðaðar þremur árum eftir gildistöku.

Leiðbeiningar fyrir umsækjendur og framgangs- og fastráðningarnefnd vegna umsókna um ótímabundna ráðningu akademísks starfsfólks við Háskóla Íslands

Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Leiðbeiningar fyrir umsækjendur
 - 2.1. Get ég sótt um ótímabunda ráðningu?
 - 2.2. Hvernig sæki ég um ótímabunda ráðningu?
 - 2.3. Hvað á umsókn að innihalda?
 - 2.4. Hvernig fer mat á umsókn fram?
3. Framgangs- og fastáðningarnefnd
 - 3.1. Skipun og hlutverk framgangs- og fastráðningarnefndar
 - 3.2. Vinnulag framgangs- og fastráðningarnefndar við mat á umsóknum um fastráðningu

1. Inngangur

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar umsækjendum um ótímabunda ráðningu og matsaðila, til skýringar við reglur nr. X frá 2020.

Reglur nr. X frá 2020 um ótímabunda ráðningu akademísku starfsfólks við Háskóla Íslands, miða að því að ótímabundin ráðning að undangenginni tímabundinni ráðningu, byggji á heildstæðu faglegu mati á frammistöðu og árangri umsækjanda í starfi frá því að hann hóf tímabundið starf við skólann. Í reglunum er kveðið á um lágmarksskilyrði fyrir ótímabundinni ráðningu og matsþættir tilteknir.

Ekki er gerð krafa um að umsækjandi uppfylli öll matsatriði sem tiltekin eru í reglunum. Matsatriðin eru til viðmiðunar og án forgangsröðunar og til þess fallin að auðvelda umsækjendum að gera grein fyrir störfum sínum og matsaðilum að meta fjölbreytt framlag starfsfólks. Einnig skal tekið mið af sérreglum fræðasviða og deilda séu þær til staðar. Við matið ber einnig að líta til þess að Háskóli Íslands er í senn alþjóðlegur rannsóknarháskóli og þjóðskóli, sem gerir ríkar kröfur til árangurs í starfi.

Mannauðssvið og vísinda- og nýsköpunarsvið bjóða akademískum starfsmönnum sem eru ráðnir tímabundið upp á kynningu á vor- og haustmisseri þar sem fjallað er um umsóknarferil og skilyrði fyrir ótímabundinni ráðningu.

2. Leiðbeiningar fyrir umsækjendur

2.1 Get ég sótt um ótímabunda ráðningu?

Akademískur starfsmaður sem ráðinn er í tímabundið starf við Háskóla Íslands öðlast ekki sjálfkrafa rétt til ótímabundinnar ráðningar að lokinni tímabundinni ráðningu. Starfsmaður sem ráðinn er til háskólans í starf sem var auglýst með möguleika á ótímabundinni ráðningu, getur sótt um ótímabundna ráðningu 9-12 mánuðum áður en tímabundinni ráðningu lýkur.

Upphafleg ráðning akademísku starfsfólks við Háskóla Íslands er að jafnaði tímabundin til fimm ára, hvort sem um er að ræða fullt starf eða hlutastarf. Þegar um er að ræða veikindaleyfi, fæðingarorlof eða aðrar málefnalegar ástæður sem haft geta áhrif á starfsafköst, er forseta fræðasviðs heimilt að framlengja tímabundna ráðningu viðkomandi um allt að tvö ár. Slík framlenging skal rökstudd sérstaklega og skal rökstuðningurinn fylgja umsókninni að framlengdu tímabili liðnu.

2.2 Hvernig sæki ég um ótímabundna ráðningu?

Sótt er um ótímabundna ráðningu til rektors á þar til gert rafrænt umsóknareyðublað. Mannauðssvið Háskóla Íslands, í umboði rektors, tekur við umsóknum til meðferðar og staðfestir við umsækjanda móttöku á umsókninni fyrir hönd rektors.

2.3 Hvað á umsókn að innihalda?

Umsóknargögn eru tiltekin í rafrænu umsóknareyðublaði um ótímabundna ráðningu. Einungis skal senda með umsókn gögn sem tengjast starfstímabili hinnar tímabundnu ráðningar. Umsækjandi ber ábyrgð á að skila fullbúinni umsókn og viðeigandi gögnum til mats. Ekki er hægt að gera kröfu um að matsaðilar

afli umfram gagna en þeirra sem fylgja umsókn. Til þess að auðvelda matsaðilum að leggja heildstætt mat á akademískt starf umsækjanda er mikilvægt að vandað sé til umsóknar.

Meðal umbeðinna fylgigagna með umsókn er:

- Fjöldi stiga úr MOH og tímalengd í starfi.
- Útkoma úr kennslukönnun.
- Kennsluferilskrá.
- Rita- og ferilskrá.
- Allt að fimm helstu ritverk sem hafa verið birt frá upphafi tímabundinnar ráðningar og framlag umsækjanda til ritverkanna þegar um fjölbundna verk er að ræða.
- Nöfn fjögurra meðmælanda sem samþykkt hafa að veita umsögn um verk umsækjanda. Þeir skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á sviði umsækjanda og að minnsta kosti tveir þeirra skulu vera starfandi utan Háskóla Íslands. Að starfa utan háskólans merkir í þessu sambandi, að starfssamband við háskólann er ekki til staðar. Emeritusar og gestakennarar eru starfandi innan HÍ þótt ekki sé um ráðningarsamband að ræða.
- Greinargerð, að hámarki 1500 orð, um störf frá upphafi tímabundinnar ráðningar við Háskóla Íslands við rannsóknir, kennslu, stjórnun og þjónustu og framtíðaráform umsækjanda hvað framangreint varðar.

Matsgögn umsóknar um ótímabundna ráðningu og matsgögn umsóknar um framgang í starfi eru að miklu leyti þau sömu. Til þess að koma í veg fyrir tvíverknað og minnka álag sem felst í umsóknaskrifum, má umsækjandi sem fengið hefur framgang í starfi við háskólann á síðustu 12 mánuðum vísa til þeirrar umsóknar. Umsækjandi ber ábyrgð á að uppfæra umsóknina eftir því sem við á fyrir ótímabundna ráðningu.

2.4 Hvernig fer mat á umsókn fram?

Eftir að umsókn um ótímabundna ráðningu berst mannauðssviði í gegnum rafræna umsóknargátt háskólans, er umsóknin send mannauðsstjóra viðkomandi fræðasviðs og fræðsviðsforseta, eða ef við á, til formanns stjórnar eða akademísku forstöðumanns viðeigandi rannsóknastofnunar eða rannsóknaseturs Háskóla Íslands. Forseti/formaður stjórnar/ akademískur forstöðumaður aflar umsagnar viðkomandi deildar og a.m.k. tveggja af þeim fjórum meðmælendum sem gefnir eru upp í umsókn. Heimilt er að leita eftir umsögnum annarra utanaðkomandi sérfræðinga til viðbótar við uppgefna meðmælendur. Auk þess skrifar forseti fræðasviðs/formaður stjórnar/akademískur forstöðumaður eigin umsögn um umsækjandann þar sem fram kemur rökstudd afstaða til þess hvort mæla skuli með ótímabundinni ráðningu. Að því búnu er umsóknin, ásamt umsögnum send starfsmanni fastráðningarnefndar Háskóla Íslands. Nefndin metur umsókn og fyrirbyggjandi gögn og tekur á grundvelli þeirra afstöðu til þess hvort veita beri ótímabundna ráðningu. Ef niðurstaða nefndarinnar er að ekki beri að veita ótímabundna ráðningu, veitir nefndin umsækjanda 14 daga andmælafrest og tekur afstöðu til andmæla sem berast. Rektor tekur endanlega ákvörðun um ótímabundna ráðningu af fenginni tillögu framgangs- og fastráðningarnefndar. Niðurstaða rektors skal liggja fyrir að minnsta kosti þremur mánuðum áður en tímabundinni ráðningu umsækjanda lýkur.



Mynd 1: Ferill umsóknar um ótímabunda ráðningu og mikilvægar tímasetningar

3. Framgangs- og fastráðningarnefnd

Við Háskóla Íslands sér ein og sama nefndin um mat á umsóknum um framgang og umsóknum um ótímabunda ráðningu akademískra starfsmanna. Umsóknir um framgang og ótímabundna ráðningu hvíla að miklu leyti á sömu matsviðmiðum og því verða til samlegðaráhrif þar sem ákveðin reynsla og heildarsýn skapast innan nefndarinnar. Starfsmaður vísinda- og nýsköpunarsviðs ásamt lögfræðingi mannauðssviðs starfa með framgangs- og fastráðningarnefndinni.

3.1 Skipun og hlutverk framgangs- og fastráðningarnefndar

Rektor skipar framgangs- og fastráðningarnefnd, sjá töflu 1. Þeir sem skipaðir eru í nefndina skulu hafa viðamikla reynslu af rannsóknnum, kennslu og akademískum stjórnunar- og þjónustustörfum. Skipaður er einn varamaður fyrir hvern aðalmann með sama hætti og tilnefning aðalmanna fer fram. Þriðja hvert ár, við nýskipun nefndarinnar, fundar starfsmaður vísinda- og nýsköpunarsviðs og lögfræðingur mannauðssviðs með nefndinni í því skyni að kynna nefndarmönnum reglur Háskóla Íslands um framgang og reglur um ótímabunda ráðningu ásamt sérreglur fræðasviða séu þær til staðar, hlutverk nefndarinnar og vinnulag við mat umsókna. Starfsmaður vísinda og nýsköpunarsviðs starfar með nefndinni ásamt lögfræðingi mannauðssviðs.

Tafla 1. Skipun framgangs- og fastáðningarnefndar

Nefndarmaður	Tilnefning	Skipunartími	Starfsvettvangur	Akademískt hæfi
1 - formaður	Án tilnefningar	3 ár	Ótilgreint	Prófessor
2	FVS tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan FVS HÍ	Prófessor
3	HUG tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan HUG HÍ	Prófessor
4	HVS tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan HVS HÍ	Prófessor
5	MVS tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan MVS HÍ	Prófessor
6	VON tilnefnir tvo, sitt af hvoru kyni	3 ár	Innan VON HÍ	Prófessor

Hlutverk framgangs- og fastáðningarnefndar vegna umsókna um ótímabunda ráðningu er að:

- Meta heildarárangur og virkni umsækjanda í starfi frá upphafi tímabundinnar ráðningar við Háskóla Íslands, samkvæmt reglum háskólans nr. X auk viðbótarskilyrða í sérreglum fræðasviða og deilda, þar sem það á við.
- Veita rektor Háskóla Íslands rökstutt álit um hvort mælt sé með veitingu ótímabundinnar ráðningar.

3.2 Vinnulag framgangs- og fastráðningarnefndar við mat á umsóknum um ótímabundna ráðningu:

- Eftir að nefndarmenn hafa staðfest hæfi til að fjalla um tiltekna umsókn við starfsmann framgangs- og fastráðningarnefndar, fá þeir aðgang að umsóknargögnum og umsögnum. Hver og einn nefndarmaður yfirfer gögnin áður en fundað er í nefndinni.
- Starfsmaður nefndarinnar boðar til fundar. Tilgangur funda er að nefndin í sameiningu leggi heildstætt mat á umsókn og fylgigögn og meti hvort umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem eðlilegt er að gera frá ráðningu í tímabundið starf við Háskóla Íslands. Nefndin ber að líta til allra starfsþátta sem heyra til akademískra starfa við háskólann (rannsókn, kennslu, stjórnunar og þjónustu við samfélag og atvinnulíf) þótt ekki sé gerð krafa um að umsækjandi uppfylli alla matsþætti sem tilteknir eru í reglum háskólans nr. XX um ótímabundna ráðningu. Matsþættirnir eru settir fram í reglunum til viðmiðunar og án forgangsröðunar, og til þess ætlaðir að auðvelda umsækjendum að gera grein fyrir störfum sínum og matsaðilum að meta fjölbreytt framlag starfsfólks. Nefndin skal einnig líta til sérreglna fræðasviða og deilda séu þær til staðar og taka tillit til áherslna umsækjanda og þarfa viðkomandi starfseiningar eins þær eru tilgreindar í umsögn fræðasviðsforseta, deildeildar, formanns stjórnar eða akademíks forstöðumanns viðeigandi rannsóknastofnunar eða rannsóknaseturs eftir því sem við á. Umsagnirnar skulu innihalda yfirlit yfir unnin störf umsækjanda og árangur við kennslu, rannsóknir, stjórnun og þjónustu. Þar skal einnig tekin afstaða til samskipta- og samstarfshæfni umsækjanda og hvort umsagnaraðili mæli með að umsækjanda verði veitt ótímabundin ráðning við Háskóla Íslands. Framgangs- og fastráðningarnefnd er heimilt að leita eftir umsögnum sérfræðinga til viðbótar við þær umsagnir sem þegar hafa verið veittar.
Á grundvelli fyrirbyggjandi matsgagna gerir nefndin tillögu um hvort veita beri ótímabundna ráðningu. Lögfræðingur mannauðssviðs, sem starfar með nefndinni, er nefndinni innan handar við gerð álitsins. Ef atkvæði í nefndinni falla jöfn sker atkvæði formanns úr um niðurstöðuna. Ef það er niðurstaða nefndarinnar að ekki beri að veita ótímabundna ráðningu skal nefndin rökstyðja þá niðurstöðu og veita umsækjanda 14 daga frest til þess að koma að andmælum. Berist andmæli innan þess tímaramma, ber nefndinni að taka afstöðu til þeirra áður en niðurstaða nefndarinnar er send rektor til endanlegrar afgreiðslu.
- Rektor tekur ákvörðun um hvort veita skuli ótímabundna ráðningu. Niðurstaða rektors skal liggja fyrir þremur mánuðum áður en ótímabundinni ráðningu umsækjanda lýkur.